



Umboðsmaður barna  
Borgartúni 7  
105 Reykjavík

**Dagsetning** 30. nóvember 2023  
**Málsnúmer** MRN23110344

## Efni: Fyrirspurn Umboðsmanns barna um samráð við nemendur um sameiningu skólanna MA og VMA

Vísað er til erindis umboðsmanns barna, dags. 8. september sl. vegna samráðs við nemendur um sameiningu skólanna MA og VMA.

Þriðjudaginn 5. september síðastliðinn héldu Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, Sigríður Huld Jónsdóttir, skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri (VMA) og Karl Frímannsson, skólameistari Menntaskólans á Akureyri (MA) fund með starfsfólki og nemendum beggja skóla þar sem kynntar voru tillögur stýrihóps um eflingu framhaldsskóla um sameiningu skólanna beggja auk þess sem ráðherra kynnti næstu skref í ferlinu áður en endanleg ákvörðun yrði tekin um sameiningu skólanna. Það er því rétt að leiðrétta þann misskilning að á þessum fundi hafi verið tilkynnt um sameiningu skólanna heldur gerði ráðherra grein fyrir tillögu stýrihópsins. Á fundinum var einnig greint frá því að áður en lengra yrði haldið færi af stað vinna við að greina tækifæri, kosti og galla þess að sameina skólana í samstarfi við starfsfólk beggja skóla, nemendur, foreldra og nærsamfélag. Jafnframt var tilgreint að skólameistarar beggja skóla myndu stýra þeirri vinnu, ráðinn yrði verkefnastjóri til að halda utan um vinnuna og að skólarnir myndu í sameiningu skila drögum að skipulagi og uppbyggingu hins sameinaða skóla í byrjun nóvember. Þá fyrst væri hægt að taka afstöðu til þess hvort af sameiningu yrði eða ekki.

Stýrihópur mennta- og barnamálaráðherra um eflingu framhaldsskóla, sem skipaður var í apríl á þessu ári, hefur unnið tillögur að aðgerðum til að mæta þeim áskorunum sem framhaldsskólakerfið stendur frammi fyrir og ná fram markmiðum menntastefnu stjórnvalda til ársins 2030. Menntastefnan leggur ríka áherslu á að tryggja öllum nemendum tækifæri til þess að þroskast og dafna á eigin forsendum og að öll geti lært og öll skipti máli. Eins og kemur fram í skýrslu stýrihópsins eru helstu áskoranir sem framhaldsskólakerfið stendur frammi fyrir margs konar, m.a. aukin aðsókn í iðn- og starfsnám, að hækka þurfi hlutfall 16 ára barna í framhaldsskólum, draga úr brotthvarfi og útskrifa fleiri nemendur. Þá telur stýrihópurinn að framhaldsskólar þurfi að hafa getu til að laga sig að breytingum í samfélaginu, hvort sem er með fjölbreyttari nemendahópum eða breytingum á nemendafjölda. Þeir þurfi jafnframt að hafa bolmagn til að bjóða upp á nám sem tekst á við menntunarlegar og samfélagslegar áskoranir ásamt því að fylgja eftir örri þróun í námi og kennslu. Líkt og áður hefur komið fram vann stýrihópurinn um eflingu framhaldsskóla tillögur til að mæta ofangreindum áskorunum. Þessar tillögur eru unnar með hagsmuni barna og ungs fólks í fyrirrúmi og með það að markmiði að gefa öllum börnum og ungu fólki jöfn tækifæri til náms í framhaldsskóla í fullu samræmi við menntastefnu 2030.

